

... nútíminn er rafdrifinn

Fyrsta ATW kerfið til Kína

Þeim löndum fjölgar stöðugt þar sem finna má búnað frá Naust Marine.

Fyrirtækið hefur á undanförunum árum lagt töluverða vinnu í að kynna vörur sínar í Asíu. Nú virðist sú vinna vera farin að skila árangri en nýlega hefur verið gengið frá sölu á búnaði Naust Marine til fyrirtækja í Suður-Kóreu og Kína.

Útgerðin Dong Won Industries Co Ltd í Suður-Kóreu festi fyrir nokkru kaup á kapalvindu og stjórnþúnaði frá Naust Marine í skipið Maestro. Þúnaðurinn var settur í skipið í Lima í Perú og fór starfsmaður Naust Marine á staðinn til að hafa yfirsýningu með gangsetningu kerfisins og fara yfir lokastillingar.

Þá hefur Naust Marine gengið frá samningi við China National Fishing Company (CNFC) um kaup á ATW búnaði í togarann Long Teng.

Long Teng er togari af Monsund gerð og hét áður Porechye. Útgerðin, sem rekur hann, er ein sú stærsta í Kína með fjóra stóra togara byggða í Rússlandi auk fjölda minni skipa.

Búnaðurinn frá Naust Marine verður settur í skipið þegar það kemur til Pusan í Suður-Kóreu nú í október. Þarlendur aðilar munu sjá um niðursetningu, en tæknimenn Naust Marine um gagnsetningu og lokastillingar. Að því loknu munu tæknimaður og




skipstjóri frá Naust Marine fara á veiðar með skipinu í nokkra daga til að þjálfa áhöfn í notkun búnaðarins.

Vonir standa til þess að í framhaldinu verði samið við CNFC um kaup á fleiri kerfum Naust Marine. Þá er stefnt að samningum við fleiri útgerðir í Kína en flestar kínverskar útgerðir eru stórfyrirtæki sem gera út fjölda skipa í mörgum löndum.

Samningurinn við China National Fishing Company er afrakstur samstarfs Naust Marine við ráðgjafa- og umboðsfyrirtækið Beijing AMADA Marine Consultant Co Ltd. Það samstarf hófst á síðasta ári og þykir lofa góðu.

Heimsækið okkur í bás P 69



Icelandic Fisheries Exhibition 2011

Smárin, Kópavogur, Iceland • 22-24 September 2011

Tekst á við náttúruöflin

Vegna umsvifa Naust Marine erlendis ferðast starfsmenn fyrirtækisins mikið, oft um framandi slóðir þar sem þeir geta átt von á því að lenda í alls kyns óvæntum uppákomum.

Það sem af er þessu ári hafa starfsmenn Naust Marine til dæmis unnið störf sín í Úkraínu, Norður og Suður-Ameríku og úti fyrir ströndum Vestur- Afríku þar sem þeir þurftu m.a. að flækjast á milli skipa og sæta lagi til að komast aftur í land.



Þá hafa náttúruöflin haft óvenjumikil áhrif á ferðir starfsmanna Naust Marine að undanfögnu enda hafa eldgos á Íslandi og í Chile og jarðskjálfti í Japan sett strík í reikninginn.

Í maí frestaðist námsferð tveggja starfsmanna Naust Marine vegna eldgossins í Grímsvötnum og í júní lenti starfsmaður Naust Marine í miklum töfum og óvæntum ferðalögum vegna eldgoss í fjallinu Puyehue í Chile. Hann var þá á leið til Argentínu til að

Virastýri vel tekið

Rafdrifna virastýrið frá Naust Marine (ESG) sem stuðlar að betri röðun togtauga og víra hefur mælst mjög vel fyrir hjá notendum.

Virastýrið hefur þegar verið sett upp í skipunum Northern Eagle, Faxe, Ingunni, Lundey og Þerney og reynst vel.

Ummæli á Facebook-síðu áhafnar Þerneyjar RE bera vott um ánægju notenda en þar segir m.a. “Flott röðun með nýju virastýrunum frá Naust Marine” og “Þetta er stórkostlegur búnaður og alveg hrikalega einfalt að leiðrétta þegar vírinn rýrnar.”

Búnaðurinn passar á flestar gerðir togvinda og stjórnar snúningshraða virastýrisöxuls til samræmis við breytilegt þvermál togtauga og vírs.


sinna viðhaldi um borð í togaranum Echizen Maru.

Til stóð að maðurinn flygi frá New York til Buenos Aires og þaðan áfram til Usuaia, syðstu borgar heims, en þaðan er Echizen Maru gerður út. Vegna ösku frá eldgosinu urðu hins vegar miklar tafir á fluginu til Buenos Aires og að lokum var því snúið til Montevideo í Uruguay.

Þaðan komst maðurinn til Buenos Aires en þar sem allt innanlandsflug lá niðri í Argentínu varð hann að aka 2400 km leið og taka síðan smáflugvél síðasta hluta leiðarinnar, sem liggur yfir mikinn fjallgarð. Hann slapp þó ekki við að aka yfir fjallgarðinn því þegar tímabært var að halda aftur til Buenos Aires lá flug smáflugvéla einnig niðri. Mannsins beið því tveggja sólarhringa rútuferð yfir fjöllin í snjóbyl.

Í mars var síðan starfsmaður Naust Marine staddur í Callao höfninni í Lima í Perú þegar jarðskjálftinn mikli reið yfir í Japan. Flóðfylgjuviðvörðun var þá gefin út á svæðinu og lokaðist starfsmaðurinn inni á lokuðu hersvæði þar sem hann var við störf í skipinu Maestro.

Til greina kom að sigla Maestro á haf út til að draga úr þeirri hættu sem af flóðbylgjunni stafaði. Af því varð þó ekki þar sem flóðbylgjan, sem barst að landi við Perú, reyndist ekki jafn stór og óttast var í fyrstu.



Naust Marine lýkur þátttöku í Leonardo verkefni

Naust Marine lauk nýlega þátttöku í Leonardo da Vinci mannaskiptaverkefni Evrópusambandsins. Leonardo da Vinci mannaskiptaverkefnið er hluti af starfsmenntunaráætlun Evrópusambandsins og með þátttöku í verkefninu hlaut Naust Marine styrk til tveggja ára sem nýttur var til að senda fjóra starfsmenn Naust Marine í námsferðir til samstarfsaðila fyrirtækisins í Evrópu.